



HRUNAMANNAHREPPUR

54. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

KJÖRTÍMABILIÐ 2018 – 2022 6. FUNDUR ÁRSINS

VERÐUR HALDINN MIÐVIKUDAGINN 25. MAÍ 2022

KL. 16.00 Í RÁÐHÚSINU Á FLÚÐUM

Árið 2022, þann 25. maí kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 16:00 í Ráðhúsinu á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Halldóra Hjörleifsdóttir, Sigurður Sigurjónsson, Kolbrún Haraldsdóttir, Bjarney Vignisdóttir, Jón Bjarnason og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Halldóra Hjörleifsdóttir setti fund og stjórnaði honum. Hún bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar.

Erindi til sveitarstjórnar:

- 1. Öldungaráð Uppsveita og Flóa: Erindisbréf.**
Oddviti kynnti erindisbréf fyrir sameiginlegt Öldungaráð Uppsveita og Flóa. Sveitarstjórn samþykkir erindisbréfið.
- 2. Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings: Skýrsla vegna heildarendurskoðunar starfshóps á lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.**
Oddviti kynnti skýrslu frá Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings vegna heildarendurskoðunar starfshóps á lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Sveitarstjórn fagnar því að skýrslan liggi fyrir og væntir þess að hún verði grundvöllur að viðræðum við ríkið sem skili breytingum í málaflokknum, ekki síst hvað varðar fjármögnun.
- 3. Samband íslenskra sveitarfélaga: Stafræn umbreyting sveitarfélaga.**
Oddviti kynnti bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga vegna málþings um samstarf sveitarfélaga í stafrænni umbreytingu.
- 4. Samband íslenskra sveitarfélaga: Sveitarfélagaskólinn.**
Oddviti kynnti bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga vegna kynningar á Sveitarfélagaskólanum. Sveitarstjórn hvetur nýtt sveitarstjórnarfólk til að sækja sveitarfélagaskólann.
- 5. Skipulagsstofnun: Deiliskipulagsáætlanir fyrir Heiðará, Helgaskála, Fosslæk, Leppistungur, Mikluöldubotna, Grákoll, Efri-Kisubotna og Svínárnes í Hrunamannahreppi.**
Oddviti kynnti deiliskipulagsáætlanir fyrir Heiðará, Helgaskála, Fosslæk, Leppistungur, Mikluöldubotna, Grákoll, Efri-Kisubotna og Svínárnes í Hrunamannahreppi. Sveitarstjórn fagnar því að loksins skuli deiliskipulag um lóðir undir skála sveitarfélagsins á Hrunamannafrétti geta tekið gildi en lýsir vonbrigðum með langan afgreiðslutíma Skipulagsstofnunar á málinu.
- 6. Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um sorgarleyfi.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Velferðarnefnd Alþingis um frumvarp til laga um sorgarleyfi.
- 7. Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum í þágu barna (samþætting þjónustu í þágu barna, snemmtækur stuðningur).**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Velferðarnefnd Alþingis um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum í þágu barna (samþætting þjónustu í þágu barna, snemmtækur stuðningur).
- 8. Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um útlendinga (alþjóðleg vernd).**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um frumvarp til laga um útlendinga (alþjóðleg vernd).
- 9. Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaráætlun í málefnum innflytjenda.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Velferðarnefnd Alþingis um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaráætlun í málefnum innflytjenda.

10. **Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um stefnumótandi byggðaaætlun fyrir árin 2022-2036.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um frumvarp til laga um stefnumótandi byggðaaætlun fyrir árin 2022-2036.
11. **Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um skipulagslög (uppbygging innviða).**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um frumvarp til laga um skipulagslög (uppbyggingu innviða).
12. **Lokun skrifstofu Hrunamannahrepps vegna sumarfría.**
Sveitarstjórn samþykkir að skrifstofa Hrunamannahrepps verði lokuð í 3 vikur vegna sumarleyfa frá 4. júlí til og með 22. júlí nk.
13. **Fyrsti fundur nýrrar sveitarstjórnar.**
Fyrsti fundur nýrrar sveitarstjórnar verður miðvikudaginn 1. júní n.k. kl. 16:00 í ráðhúsinu á Flúðum. Nú á síðasta fundi sveitarstjórnar vill sveitarstjórn þakka starfsfólki og nefndarfólki sveitarfélagsins kærlega fyrir þeirra störf fyrir samfélagið og mjög góða samvinnu. Sérstaklega viljum við þakka Jóni G. Valgeirssyni fyrir hans störf. Jón hefur á þessum 12 árum sem hann hefur starfað sem sveitarstjóri Hrunamannahrepps unnið ótulllega að málefnum sveitarfélagsins og skilar góðu búi til komandi stjórnenda. Jón hefur lagt mikinn metnað í störf sín og ávalt haft hag sveitarfélagsins að leiðarljósi í verkefnum sínum. Einnig má taka fram að Jón hefur tvisvar hafnað umsamdri launahækkun þar sem hann taldi hana betur komna í verkefnum sveitarfélagsins. Um leið og við þökkum Jóni fyrir góða samvinnu og viðkyrningu, óskum við honum velfarnaðar í þeim verkefnum sem hann tekur sér fyrir hendur í framtíðinni.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

14. **Öldungaráð: Fundargerð 35. fundar frá 2. maí s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 35. fundar öldungaráðs frá 2. maí s.l. Þar var farið yfir tillögur til þingsályktunar frá Velferðarnefnd alþingis um mótun og stefnu í aðdraganda aðgerðaráætlunar í heilbrigðisþjónustu við aldraða til ársins 2030 og um búsetuöryggi í dvalar- og hjúkrunarrýmum.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps:

15. **Fundargerð 239. fundar skipulagsnefndar frá 11. maí s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 4. maí s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 239. fundar skipulagsnefndar frá 11. maí s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 4. maí s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi.
Mál nr. 25. Ásatúnsvallarland: Breytt notkun lóðar.
Lögð var fram umsókn Ólafs Björns Blöndal um breytingu á notkun Ásatúnsvallarland L218490 úr viðskipta- og þjónustulóð í hefðbundna lóð. Innan landsins eru skráð tvö mannvirki sem skilgreind eru sem golfskálar. Skv. umsækjanda þá hafa húsin eða landeignin ekki verið í notkun sem viðskipta- og þjónustulóð og er verið að breyta húsunum í heilsárshús með lögbýlisleyfisumsókn í huga.
Skipulagsnefnd mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að ekki verði gerð athugasemd við breytta skráningu lóðar með fyrirvara um samþykki byggingarfulltrúa fyrir breytttri skráningu á notkun húsa innan lóðarinnar.
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir breytta skráningu lóðar með fyrirvara um samþykki byggingarfulltrúa fyrir breytttri skráningu á notkun húsa innan lóðarinnar.
Mál nr. 26. Syðra-Langholt 2A, land 2: Breytt heiti lóðar.
Lögð var fram umsókn Páls Bragasonar er varðar breytt staðfang L200985. Óskað er eftir að Syðra-Langholt 2A, land 2 fái staðfangið Vesturhlíð og að lóðir sem skipulagðar eru innan landsins fái staðfangið Vesturhlíð og viðeigandi númer.
Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að ekki verði gerð athugasemd við breytt staðföng innan svæðisins.
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir tillögu að breyttum staðföngum innan svæðisins.

Mál nr. 27. Skollagróf: Framkvæmdarleyfi.

Lögð var fram umsókn um framkvæmdaleyfi frá Borgthor ehf er varðar umsókn um framkvæmdaleyfi. Í leyfinu felst efnistaka úr landi Skollagrófar.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að ekki verði gerð athugasemd við útgáfu framkvæmdaleyfis vegna efnistöku úr námu E64 í landi Skollagrófar.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir útgáfu framkvæmdaleyfis vegna efnistöku úr námu E64 í landi Skollagrófar.

Mál nr. 28. Holtabyggð 213: Skilmálabreyting, deiliskipulagsbreyting.

Lögð var fram umsókn frá Jarprúði Jónasdóttur er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi Holtabyggðar í landi Syðra-Langholts IV. Í breytingunni felst að heimilað verði að nýta landhalla innan lóðarinnar Holtabyggð 213 til að byggja hús á niðurgrafinni kjallahæð. Að auki er gert ráð fyrir hliðrun byggingarreitar innan lóðar til að koma fyrirhugaðri byggingu betur fyrir í landinu og breyttri aðkomu að lóð. Þar sem svæðið er nánast fullbyggt og þar sem nú þegar hafa verið veittar heimildir fyrir byggingu viðlíka bygginga innan svæðisins er farið þess á leit að viðkomandi breyting fái málsmeðferð á grundvelli óverulegrar breytingar á deiliskipulagi án grenndarkynningar. Þar sem jákvæð umsögn landeigenda lóðanna liggur fyrir breytingunni og sökum staðsetningar lóðar í landinu er talið að engin grenndaráhrif muni hljóttast af umfram núverandi heimildir deiliskipulags.

Skipulagsnefnd telur að framlagðar breytingar á deiliskipulagi svæðisins séu þess eðlis að nauðsynlegt sé að grenndarkynna þær aðliggjandi lóðum innan svæðisins. Mælist nefndin því til þess að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi og verði grenndarkynnt aðliggjandi lóðum.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi og verði grenndarkynnt aðliggjandi lóðum.

Mál nr. 31. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 4. maí s.l.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 4. maí s.l.

16. Fundargerð 240. fundar skipulagsnefndar frá 25. maí s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 18. maí s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 240. fundar skipulagsnefndar frá 25. maí s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 18. maí s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi.

Mál nr. 26. Þverlág 16: Færsla á byggingarreit, deiliskipulagsbreyting.

Lögð var fram umsókn um breytingu á deiliskipulagi sem tekur til lóðar Þverlág 16, L201193. Í breytingunni felst færsla á byggingarreit nær aðkomuvegi.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi og verði grenndarkynnt aðliggjandi lóðarhöfum.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins og málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi og verði grenndarkynnt aðliggjandi lóðarhöfum.

Mál nr. 27. Ásabyggð 32-42: Deiliskipulagsbreyting.

Lögð var fram tillaga deiliskipulagsbreytingar er varðar Ásabyggð í Hrunamannahreppi eftir kynningu. Breytingin nær til lóða nr. 32-42 ásamt nýrri göngu- og hjólaleið við suðurenda skipulagsreitsins sem nýtist jafnframt sem flóttaleið. Svæðið er um 5,0 ha að stærð. Öll hús innan þessa svæðis eru í eigu Kennarasambands Íslands (KÍ) og eru þau leigð út sem orlofshús til félagsmanna. Markmið breytingarinnar er að leiðrétta staðsetningu þegar byggðra húsa sem eru ekki öll innan byggingareits ásamt því að fjölga um 3 orlofshús og byggja eitt hús sem sinnir umsýslu og viðhaldi á svæðinu auk þess sem gert er ráð fyrir frekari sameiningu lóða. Jafnframt er gert ráð fyrir heimild fyrir lagningu vegar að nýjum orlofshúsum. Athugasemdir bárust við kynningu málsins og eru þær lagðar fram ásamt uppfærðum skipulagsgögnum.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að viðkomandi breyting á deiliskipulagi svæðisins verði samþykkt. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar breytingar á deiliskipulagi. Nefndin telur að brugðist hafi verið við athugasemdum sem bárust við kynningu málsins með fullnægjandi hætti.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir viðkomandi breytingu á deiliskipulagi svæðisins og málið fái málsmeðferð á grundvelli 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar breytingar á deiliskipulagi. Sveitarstjórn telur að brugðist hafi verið við athugasemdum sem bárust við kynningu málsins með fullnægjandi hætti.

Mál nr. 28. Birkihlíð 2-4: Umsókn um byggingarleyfi.

Lögð var fram umsókn Bent L. Fróðasonar fyrir hönd Iðjuverk ehf., móttokin 3.05.2022 um byggingarleyfi fyrir (436,1 m²) parhús með þremur íbúðum og tvær bílageymslur fylgja íbúðum á jarðhæð á íbúðarlóðinni Birkihlíð 2-4 (L232269) í Hrunamannahreppi. Í deiliskipulagi kemur fram að lóðin er parhúsaloð með heimild fyrir 2-3 íbúðum.

Að mati skipulagsnefndar er stefna deiliskipulags sú að innan viðkomandi lóða megi byggja allt að þrjár íbúðir á parhúsaloð. Eðli málsins samkvæmt getur þriggja íbúða hús ekki talist parhús. Mælist nefndin því til þess við sveitarstjórn að unnin verði óveruleg breyting á deiliskipulagi svæðisins þar sem skilgreining bygginga verði parhús/ fjöleignahús á þeim lóðum sem við á. Þar sem sú breyting hefur engin áhrif á stefnumörkun skipulagsins er ekki talin þörf á grenndarkynningu. Nefndin mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að byggingarfulltrúa verði falin útgáfa byggingarleyfis á grunni framlagðra uppdráttar og gildandi deiliskipulags.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að unnin verði óveruleg breyting á deiliskipulagi svæðisins þar sem skilgreining bygginga verði parhús/fjöleignahús á þeim lóðum sem við á.

Mál nr. 32. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 18. maí s.l.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 18. maí s.l.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. Framkvæmdaráð Almanna- og Árnassýslu: Fundargerð frá 26. apríl s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- b. Tónlistarskóli Árneseinga: Fundargerð 201. fundar stjórnar frá 3. maí s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- c. Brunavarnir Árnassýslu: Fundargerð 20.-24. fundar stjórnar.**
Lagt fram til kynningar.
- d. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 218. fundar frá 6. maí s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- e. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 311. fundar stjórnar frá 17. maí s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- f. Bergisinn b.s. Fundargerð 39. stjórnarfundar frá 12. apríl s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- g. Svæðisskipulag Suðurlandsins: Fundargerð vinnuhóps frá 10. desember s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- h. Svæðisskipulag Suðurlandsins: Fundargerð vinnuhóps frá 1. febrúar s.l.**
Lagt fram til kynningar.

- i. Svæðisskipulag Suðrhálendisins: Fundargerð vinnuhóps frá 8. mars s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- j. Svæðisskipulag Suðrhálendisins: Fundargerð vinnuhóps frá 5. apríl s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- k. Svæðisskipulag Suðrhálendisins: Fundargerð vinnuhóps frá 26. apríl s.l.**
Lagt fram til kynningar.

Kynningarmál:

- l. UTU bs.: Hlíð spilda 1: Endurskoðað deiliskipulag.**
Lagt fram til kynningar.
- m. Ungmannafélag Hrunamanna: Fundargerð aðalfundar frá 26. apríl s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- n. Samband íslenskra sveitarfélaga: Bréf Velferðarvaktarinnar.**
Lagt fram til kynningar.
- o. SASS: Almenningsamgöngur á Suðurlandi – Viðhorfskönnun 2022.**
Lagt fram til kynningar.
- p. Orlof húsmæðra: Ársreikningur og skýrsla orlofsnefndar 2021.**
Lagt fram til kynningar.
- q. Kópsvatn-Garðastígur. Verkfundargerð 8. fundar.**
Lagt fram til kynningar.
- r. Gröf gatnagerð. Verkfundargerð 17. fundar.**
Lagt fram til kynningar.

Fundir framundan:

- s. Barna- og fjölskyldustofa: Heimsóknir vegna innleiðingar laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Hveragerði 8. júní**
Lagt fram til kynningar.
- t. Aukaaðalfundur SASS 15.-16. júní n.k.**
Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:30.